



# HVAÐ HELDUR ÞÚ?

Um gagnrýna hugsun

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> – Hvað er gagnrýnin hugsun? .....	3
Ábending í lok inngangs .....	8
<b>Saga 1</b> – Ertu viss um að þú sért þú? .....	9
Hvað lýsir mér best? .....	12
Ertu alltaf þú sjálf(ur)? .....	13
Ógagnrýnar manneskjur .....	14
Ábending í lok kaflans .....	15
<b>Saga 2</b> – Ertu viss um að þú þurfir á vinum að halda? .....	16
Vinur eða eitthvað annað? .....	19
Að spyrja eða staðhæfa .....	20
Rétt ályktun? .....	21
Ábending í lok kaflans .....	21
<b>Saga 3</b> – Ertu viss um að tilfinningar séu óskynsamlegar? .....	22
Jákvæðar og neikvæðar tilfinningar .....	24
Rökvillur .....	25
Óleyfilegar alhæfingar .....	25
Persónurök (ad hominem rök) .....	26
Kennivaldsrök .....	27
Fótfesturök (slippery slope) .....	28
Ábending í lok kaflans .....	29
<b>Saga 4</b> – Ertu viss um að þú getir lært? .....	30
Til hvers er skólinn? .....	33
Er rangt að svindla á prófi? .....	34
Hvort er mikilvægara: spurningin eða svarið? .....	35
Ábending í lok kaflans .....	36
<b>Að lokum</b> .....	37



## Inngangur

### Hvað er gagnrýnin hugsun?

Hermína er 13 ára og hefur alla tíð búið í litlu þorpi úti á landi. Síðan hún man eftir sér hefur hundurinn Snati verið einn af fjölskyldunni. Hann tekur á móti henni þegar hún kemur heim úr skólanum og urrar á blaðberann á hverjum morgni. Snati er hávaðasamur og þarf sína athygli. Hann er sífellt á hreyfingu og fær aldrei nóg af rigningu og roki. Hann getur hreinlega verið þreytandi en Hermína viðurkennir í hljóði að hún myndi ekki vilja sleppa því að fara með hann út á hverjum degi.

Snati er orðinn gamall og ansi veikur. Hermína hefur forðast að hugsa um hvað gerist dag

einn þegar hann fer. En eftir skoðun hjá dýralæknum er haldinn alvarlegur fundur þar sem Hermínu og pabba hennar er tilkynnt að Snati eigi ekki langt eftir ólifað. Hann er með krabbamein, líður miklar þjáningar og útlit er fyrir að svo muni verða þar til yfir lýkur.

Þegar Hermína kemur heim kallar pabbi hennar til fjölskyldufundar og segir fréttirnar. Nú þarf að taka ákvörðun um hvort eigi að láta svæfa Snata til að lina þjáningar hans þrátt fyrir að þeim þyki það mjög sársaukafullt. Hvernig er hægt að taka slíka ákvörðun?

**Skrifaðu niður allar þær spurningar sem kvikna hjá þér við lestur sögunnar.**

Mín hugmynd/spurning:




Ólík hugmynd/spurning frá bekkjarfélagi:



Þetta námsefni fjallar um gagnrýna hugsun. Reyndar er gagnlegra að ástunda hugsun en að tala mjög mikið um hana. Von höfunda er því að með efninu takist að skapa vettvang fyrir nemendur og kennara til að ástunda gagnrýna hugsun. En hvað felst í því? Þurfa unglingar að þjálf þessa hugsun eða ástunda þeir hana sjálfkrafa? Og hvernig tengist gagnrýnin hugsun sögunni hér að ofan um Hermínu og dauðvona hundinn hennar?

Þegar taka þarf erfiðar ákvarðanir eins og Hermína stendur frammi fyrir er mikilvægt að við viðurkennum tilfinningar okkar og leyfum þeim að vera hluti af ákvörðunarferlinu. Hermína virðist ekki hafa marga valkosti. Hún getur beðið lækninn um að drífa verkið af og flýta þar með því sem er óumflýjanlegt. En hún gæti líka ákveðið að láta ekki svæfa hundinn og leyft náttúrunni að hafa sinn gang. Þá má spyrja hvort sú ákvörðun sé tekin með hag Snata að leiðarljósi eða bara hennar eigin hag – hún vill forða sér frá sársaukanum sem fylgir því að fara með Snata í hinsta sinn til dýralæknisins. Þegar hagur Snata er tekinn með í reikninginn má spyrja: Hver er hagur Snata? Hvort er betra fyrir hann að lifa lengur og þjást meira eða að lifa skemur og þjást minna? Við getum einnig spurt hvort Snati hafi yfirleitt einhvern hag eða vilja og við getum velt því fyrir okkur hvort við séum að yfirfæra tilfinningar okkar yfir á Snata því það er alls ekki víst að hann hafi sömu sýn á dauðann og við sjálf.

Gagnrýnin hugsun vísar til þess að maður leggi sig fram um að vege og meta mál og atvik út frá fleiri en einum sjónarhóli og taki afstöðu eftir að hafa ígrundað málið vandlega, t.d. með því að setja sig í spor annarra. Það felur í sér að rannsaka kosti og galla á hugmynd eða atviki án þess að fella dóm yfir höfundu hugmyndarinnar eða þeim aðilum sem eiga hlut að máli. Gagnrýnin hugsun lyftir sér upp yfir sviðið og skoðar það með hlutleysi í huga. Þannig verður gagnrýnin hugsun að mikilvægu tæki í greiningu á tilverunni og gerir okkur kleift að sjá í gegnum þoku sterkra tilfinninga sem kunna að ná yfirhöndinni tímabundið. Tilfinningar fela í sér rök og útskýringar en þær segja ekki alla söguna. Þær þarf því til að vege á móti staðreyndum og öðrum sjónarmiðum í viðleitni til að komast að bestu niðurstöðunni hverju sinni.




Þrátt fyrir marga kosti gagnrýnnar hugsunar er mikilvægt að átta sig á því að hún á ekki alltaf við. Stundum er ekki tími fyrir hana því taka þarf skjótar ákvarðanir og koma hlutum í verk. Ef barn er á leið að sökkva út í á er ekki viðeigandi að velta því lengi fyrir sér hvaða afleiðingar það gæti haft að stökkva út í og bjarga því. Stundum eru aðstæður þannig að viðeigandi er að leyfa hvatvísi eða tilfinningum að ráða ferðinni í frjálsu flæði. Í afmælisveislu er t.d. við hæfi að þiggja veitingar án þess að hugsa mikið um næringargildi og upp-  
runa matvælnanna. Listamenn kæmst lítið áfram í sköpun sinni ef þeir vildu alltaf greina hugsanlega útkomu áður en þeir dýfðu pensli í málninguna. Það er ekki hægt að beita gagnrýnni hugsun á hvað-  
eina sem á daga okkar drífur því líf okkar er miklu margbreytilegra en svo að það sé hægt að smætta það niður í atvik sem þarfnast sérstakrar rannsóknar.

Það er jafnslæmt að sniðganga tilfinningarnar alveg og að láta þær stjórna lífi okkar eingöngu. Við þurfum að finna þar farsælan milliveg og til þess þurfum við að þroska með okkur það sem gríski heim-  
spekingurinn Aristóteles kallaði siðvit. Siðvit er sú dóm-  
greind eða viska sem hjálpar okkur til að greina hvenær það er viðeigandi að taka mark á tilfinningum okkar.



Við getum ástundað gagnrýna hugsun ein með sjálfum okkur og förum þá skipulega í huganum yfir allar mögulegar hliðar í leit okkar að svari eða ákvörðun. Við getum einnig ástundað gagnrýna hugsun í samræðu með öðrum. Kosturinn við þá aðferð er að fleiri hliðar verða sýnilegar á verkefninu því betur sjá augu en auga. En þá gildir að við verðum að meðtaka sjónarhorn annarra fordómalaust og taka þau til rannsóknar af fullri alvöru. Það er mjög mikilvægt að hafna engri hugmynd alfarið án þess að hafa ígrundað hana þótt hún stríði gegn sannfæringu okkar eða trú.

## Spyrja?



Ertu forvitin(n)? Langar þig til að vita eitthvað? Viltu skilja eitthvað betur en þú skilur það núna? Um hvað viltu þá spyrja?

Hvern/hverja viltu spyrja þessarar spurningar?

Er eitthvað sem kemur í veg fyrir að þú farir bara og spyrjir að þessu? Færðu rök fyrir svari þínu.

## Parf að hugsa málið?

Hvenær þarf að velta hlutum fyrir sér, vera gagnrýnin(n)?  
Hvenær er betra að taka strax ákvörðun og framkvæma?


Taktu afstöðu með eða á móti því að hugsa málið. Útskýrðu svo val þitt.

	Hugsa málið	Taka ákvörðun strax	?
Besti vinur þinn býður þér tyggjó. Áttu að þiggja það?			
Besti vinur þinn býður þér sígarettu. Áttu að reykja hana?			
Það er stærðfræðipróf á morgun. Áttu að undirbúa þig fyrir það?			
Þú ert skotin(n) í stelpu/strák. Áttu að bjóða henni/honum í bíó?			
Mamma þín segir þér að elda kvöldmat. Áttu að elda kvöldmatinn?			
Kennarinn þinn hefur kynnt hvaða valgreinar verða í boði á næsta skólaári. Skilafrestur á valblaði er eftir viku. Áttu að skila því strax eða nýta umhugsunartímann?			
Bróðir þinn á kærustu sem heitir Jóna. Á skólaballi sérðu Jónu kysa annan strák. Áttu að segja bróður þínum frá þessu?			
Þú ert vanur/vön að kaupa gosflösku á 150 krónur. Dag einn sérðu að flaskan kostar 270 krónur. Áttu að kaupa hana?			
Þú varst að byrja í 8. bekk og mamma þín skrifaði fermingarfræðslutíma inn á stundaskrána þína án þess að hafa spurt þig hvort þú ætlaðir að fermast. Áttu að fara í tímann?			
Þú sérð gallabuxur í búðarglugga. Áttu að kaupa þær?			

## Ábending í lok inngangs

Gagnrýnin manneskja hlustar vel á aðra og er spyrjandi. Hún vill skilja sjálfa sig, annað fólk og heiminn og er alltaf að leita að nýjum upplýsingum og sjónarmiðum til að skilja meira. Við erum gagnrýnin þegar við spyrjum okkur (og aðra) spurninga eins og:

- Heyrðir þú hvað hann/hún sagði?
- Ertu sammála eða ósammála?
- Um hvað erum við að tala?



## Saga 1 – Ertu viss um að þú sért þú?

Hermína átti að byrja í nýja skólanum í næstu viku. Hún hafði flutt utan af landi ásamt foreldrum sínum fyrir í mánuðinum. Þau höfðu átt heima í Súgandavík, litlu sjávarþorpi fyrir vestan en þegar foreldrar hennar höfðu verið atvinnulausir um hríð fékk mamma hennar ágætis starf hjá ríkisstofnun í Reykjavík. Hermína saknaði heimaslóðanna. Hún ímyndaði sér að hvergi á landinu væri eins fagurt og í dalnum heima þegar kvöldsólin ljómaði á spegilsléttum firðinum og í fjarska mátti heyrja söng himbrimans á vatninu innan við þorpið. Fjallið handan fjarðarins líktist sofandi hundi og Hermínu fannst hún vera eigandi þessa sofandi hunds sem var hennar eigin varðhundur – reiðubúinn hvenær sem er að vakna og stökkva henni til varnar. Þess gerðist

samt aldrei þörf. Hún átti góðar vinkonur í þorpinu en uppáhaldsvinkonan var Dóra sem bjó á sveitabæ rétt utan við þorpið. Saman ráku þær myndarlegt bú í móanum ofan við sveitabæinn og saman tuggðu þær strá þegar þær lágu á bakinu, horfðu upp í himininn og léku sér að því að sjá kynjamyndir birtast í skýjunum.

Fyrsti skóladagurinn rann upp og kennarinn kynnti Hermínu fyrir krökkunum í bekknum sem hún var sett í. Hún var ósköp feimin en krakkarnir tóku henni vel og þrjár stelpur tóku hana upp á arma sér. Selma sýndi henni mestan áhuga. Engu að síður fannst Hermínu hún vera frekar utanveltu innan um hina krakkana sem virtust vera miklu lífsreyndari en hún. Þau áttu mun flottari föt en hún og þau voru vel tækjum

búin með glæsilega snjallsíma en slíkt tæki átti hún ekki. Lífið í borginni var frábrugðið lífi hennar í þorpinu á alla hugsanlega vegu. Allt gerðist mjög hratt í borginni, asinn var mikill og tíminn virtist fljúga áfram. Flestir krakkarnir áttu lítinn frítíma því þegar skólanum lauk tóku við íþróttæfingar, dans eða tónlistarskóli. Þessi mikli hraði fannst Hermínu vera yfirþyrmandi á stundum – henni fannst hún vera föst í seigfljótandi sýrópi og horfa á heiminn þjóta hjá.

Þegar Hermína kom heim úr skólanum til pabba síns sem var heimavinnandi fannst henni hún upplifa eitthvað af þeim friði sem hún tengdi við heimahagana – myndirnar á veggjunum voru þær sömu og heima og gamli sófinn á sínum stað og sama lyktin. En útsýnið út um gluggann var allt öðruvísi – enginn spegilsléttur fjörður með sofandi hundi heldur fjögurra akreina hraðbraut sem aldrei þagnaði. Það var ekkert í umhverfinu sem henni fannst hún eiga.

Hún lofaði sjálfri sér því að það yrði hennar fyrsta verk að flytja heim í þorpið sitt þegar hún hefði aldur til.

Þegar Hermína fékk þær fréttir að fjölskyldan hygðist eyða jólafríinu heima í Súgandavík fylltist hún gleði og tilhlökkun. Þau lögðu af stað síðdegis í ljósaskiptunum þremur dögum fyrir jól. Hermína horfði út um afturrúðuna til

höfuðborgarinnar og fylgdist með ljósadýrð borgarinnar dofna uns hún varð að draumkenndri birtu handan við Kollafjörðinn. Hermínu fannst frelsið blasa við henni í faðmi myrkursins og sjálfsöryggi hennar fékk uppreisn æru.

„Heim. Ég er að fara heim aftur.“ hugsaði hún og bægði kvíðanum fyrir því að snúa aftur til borgarinnar í burtu. „Best að njóta dvalarinnar í sveitinni fram í fingurgóma!“

Hermína steinsvaf í aftursætinu þegar bíllinn renndi inn í þorpið og upp að húsi ömmu hennar og afa. Hún var hálfsofandi þegar pabbi hennar teymdi hana inn þar sem ómældum góðgerðum voru gerð skil.

Hún svaf á dýnu í saumaherberginu hennar ömmu og vaknaði ekki fyrr en dagur var á lofti. Hún lá kyrr í rúminu og horfði út um gluggann á fjallshlíðina ofan við bæinn en eitthvað hafði breyst í augum Hermínu. Eitthvað vantaði. Hundurinn handan við fjörðinn var farinn. Í hans stað var komin skriðurunnin fjallshlíð með bröttu hamrabelti sem virtist á hverri stundu ætla hrynja yfir þorpið. Snjóhengjur vomuðu yfir þorpinu og mávagargið frá höfninni var pirrandi og alltof fáir bílar áttu leið um aðalgötuna.

Hermína var strax farin að telja niður dagana þangað til hún kæmist aftur burt frá Súgandavík og heim í höfuðborgina.

**Skrifaðu niður allar þær spurningar sem kvikna hjá þér við lestur sögunnar.**

Mín hugmynd/spurning:



Ólík hugmynd/spurning frá bekkjarfélagi:




## Hvað lýsir mér best?

Við hugsum oft um það hver við erum og við setjum merkimiða á okkur sjálf. Við erum samansafn hugmynda sem við höfum um okkur sjálf og þessar hugmyndir sækjum við í umhverfi okkar og aðstæður. En hver er munurinn á þeim sem býr í þorpi úti á landi og þeim sem býr í miðborg Reykjavíkur? Hvað greinir þá í sundur og hvað eiga þeir sameiginlegt? Þótt þeir hafi alist upp við ólíkar aðstæður má spyrja – er meira líkt með þeim en ólíkt? Og ef svo er, hvað eiga þeir sameiginlegt og hvernig stendur á því að tveir einstaklingar sem hafa ólíkan bakgrunn geti átt eitthvað sameiginlegt?

**Veldu eitt atriði af listanum og færðu rök fyrir vali þínu.**

Foreldrar mínir	Tölvan mín	Gæludýrið mitt
Vínir mínir	Síminn minn	Nafnið mitt
Heimabærinn	Hljóðfærið mitt	Þjóðerni mitt
Atvinna foreldra minna	Uppáhalds hljómsveitin mín	Ættin mín
Fötin mín	Uppáhalds fótboltaliðið mitt	Ævisaga mín
Hárgreiðslan mín	Vinnan mín	Það sem ég geri
Ilmvatnið mitt	Áhugamál mín	Það sem ég hugsar

**Skrifaðu svarið þitt niður.**





## Ertu alltaf þú sjálf(ur)?


Svaraðu öllum atriðunum. Í samræðu með þekktum þarftu að vera tilbúin(n) að útskýra svar þitt.

Ertu alltaf þú sjálf(ur)?	JÁ	NEI	JÁ OG NEI
... ef þú skiptir um föt?			
... ef persónuleiki þinn breytist eftir slys þar sem þú fékkst áverka á heila?			
... ef þú værir ekki lengur Íslendingur heldur af öðru þjóðerni?			
... ef þú eldist?			
... ef þú færð nýja hugmynd?			
... ef þú skiptir um skoðun?			
... ef þú flytur í nýtt hús?			
... ef þú skiptir um nafn?			
... ef þú værir ættleidd(ur) og skiptir þar með um fjölskyldu?			
... ef þú skiptir um kyn?			
... ef þú skiptir um sjálfsmynd?			
... ef þú skiptir um vinnu?			
... ef þú missir vinnuna?			
... ef þú hefðir fæðst á allt öðrum stað?			
... ef smekkur þinn á fötum breytist?			
... ef þú skiptir um hárgreiðslu?			
... ef þú skiptir um ættarnafn?			
... ef þú flytur í allt annan menningarheim?			
... ef þú verður ríkari?			
... ef þú verður fátækari?			

## Ógagnrýnar manneskjur

Gagnrýnin hugsun er ekki bara eitthvað sem við gerum við tiltekna aðstæður, t.d. ef við störfum sem vísindamenn eða blaðamenn. Það má segja að gagnrýni sé á einhvern hátt einkenni á persónuleika okkar og felist í viðhorfum og lífsgildum sem birtast í því hvernig við hlustum, spyrjum, tölum og hugsum. Getur verið að sumar manneskjur séu gagnrýnar og aðrar ekki? Berum saman eftirfarandi típur:

<b>Hrekkleysinginn</b>	Manneskja sem skortir reynslu og/eða aldur og veit þess vegna lítið. Hrekkleysinginn er barn eða barnalegur. Hann áttar sig ekki á að veröldin er stór og flókin og gefur sér því alltaf að það sem sést á yfirborðinu sé það eina rétta.
<b>Þverúðarseggurinn</b>	Manneskja sem er þröngsýn, horfir bara í eina átt og vill ekki hlusta á skoðanir sem eru ólíkar hennar eigin. Þverúðarseggurinn hefur staðfasta trú, ver skoðanir sínar af krafti og getur oft fært góð rök fyrir þeim.
<b>Dúllarinn</b>	Manneskja sem vill vera með á nótunum, les allar fyrirsagnir blaðanna en kafar aldrei dýpra ofan í neitt mál. Dúllarinn hefur oft svör á reiðum höndum en getur ekki alltaf fært rök fyrir þeim skoðunum sem hann kynnir til sögunnar.
<b>Flatneskjan</b>	Manneskja sem er áhugalaus um flest nema sjálfa sig, líðan sína og hversdagslegt líf. Flatneskjan vill ekki eða þorir ekki að taka afstöðu til mála. Hún heldur sér til hlés og forðast að skera sig frá hópnum. Hún hefur engar hugsjónir sem hún er tilbúin að verja.
<b>Þælarinn</b>	Manneskja sem hefur gaman að því að hlusta á aðra og skiptast á skoðunum. Hún hræðist ekki ágreining heldur trúir því að hún geti lært ýmislegt af því að deila við aðra. Óhrædd við að hafa rangt fyrir sér.



Skiptið ykkur í fimm manna hópa þar sem hver þátttakandi fær eitt af hlutverkunum hér að ofan: hrekkleysingi, þverúðarseggur, dúllari, flatneskja og pælari. Semjið stuttan leikþátt þar sem pælarinn kynnir umræðuefni til sögunnar og reynir að virkja hina með sér til að svara einni af eftirfarandi spurningum (pælarinn velur spurninguna):

- Hvort er betra að búa á landsbyggðinni eða höfuðborgarsvæðinu?
- Er þroskandi að flytja?
- Hver er munurinn á því að vera gestur og vera heima hjá sér?
- Hvort er betra að vera svín eða manneskja?
- Er nauðsynlegt fyrir manneskjuna að pæla?
- Hvort er mikilvægara: spurningin eða svarið?

Sýnið bekknum leikþáttinn. Þegar hver hópur hefur sýnt leikritið sitt skuluð þið biðja bekkinn að ræða hver var í hvaða hlutverki og hvaða áhrif hlutverkin höfðu á samtalið í leikþættinum.

## Ábending í lok kaflans

Ert þú gagnrýnin manneskja? Til að forðast að hugsa eins og þverúðarseggur, dúllari eða flatneskja getum við spurt okkur t.d.:

Heyrðir þú hvað hann/hún sagði? (Ég er hvorki þverúðarseggur né flatneskja ef ég hlusta á aðra.)

Ertu sammála eða ósammála? (Ég er ekki flatneskja ef ég tek afstöðu til málsins.)

Um hvað erum við að tala? (Ég er ekki dúllari ef ég fylgist með og hugsa um eitt í einu.)

Gæti einhver verið ósammála þessu? (Ég er ekki þverúðarseggur ef ég leita eftir ólíkum sjónarmiðum.)



## Saga 2 – Ertu viss um að þú þurfir á vinum að halda?

Haustrínginginn buldi á glugganum og útvarps-vefjarinn hjá mömmu og pabba fór í gang. Ómur af þægilegum jazzi laumaðist undir hurðina að svefnherbergi Völu. Þótt henni þætti jazzinn notalegur á morgnana fór þessi áminning um að borgin væri að vakna til lífsins í taugarnar á henni að þessu sinni. Vala hafði sofið illa um nóttina því kvöldið áður hafði henni sinnast við Selmu „bestu“ vinkonu sína.

Daginn áður voru Vala og Selma búnar að ákveða að fara saman í bíó á nýjustu myndina um Justin Bieber. Hún hlakkaði til allan daginn og lauk heimanáminu hratt og örugglega þegar hún kom heim úr skólanum. Pabbi

hennar ætlaði að skutla þeim vinkonunum í bíóið eftir kvöldmatinn. Rétt fyrir kvöldmatinn hringdi Selma í Völu og sagðist ekki komast vegna þess hún væri með magakveisu – hvort þær gætu ekki frestað bíóferðinni þar til um helgina. Vala féllst á það en vonbrigði hennar leyndu sér ekki þegar hún gekk að matarborðinu. Mamma hennar tók strax eftir því að eitthvað var ekki eins og það átti að vera. Vala sagði foreldrum sínum frá því að þær færu ekki í bíó og til þess að hressa Völu við stakk mamma hennar upp á því að þau færu bara öll saman á myndina.

Pabbi Völu samþykkti þetta með semingi:  
„Justin Bieber? Ég? Ég held nú síður!“

Mamma Völu horfði ákveðin á pabba hennar með augnaráði sem þýddi: „Stundum þarf maður að gera meira en gott þykir!“

„Ókei, ókei – þá þurfið þið að horfa með mér á DVD-diskinn með Deep Purple tónleikunum um helgina! Það þarf að mennta þetta unga fólk í almennilegri tónlist!“ sagði pabbi Völu með uppgjafarsvip.

Þegar þau komu í bíóið fengu þau sæti á besta stað fyrir miðju kvikmyndahúsinu og Vala hafði tekið gleði sína á nýjan leik. Þegar búíð var að deyfa ljósinn komu tvær stúlkur sem voru límdar hvor við aðra og settust tveimur bekkjum fyrir framan Völu og fjölskyldu hennar. Vala fraus í sætinu því hver var mætt í bíóið önnur en Selma vinkona hennar sem sagðist vera veik heima með

magakveisu. Með Selmu var engin önnur en nýja stelpan í bekknum sem allir strákarirnir voru vitlausir í. Það var ekki að sjá að hún þjáðist af neinni pest – hún var með stóran popppoka og stórt kókglas og þær hlógu og flissuðu af mikilli kátínu.

Í hléinu gekk Vala til Selmu og sagði sár „Ég hélt þú værir veik heima“.

Selma roðnaði og varð flóttaleg og skömmustuleg en sagði svo – „Mér var sko alveg illt í maganum en mér batnaði fljótt ... og ég hélt við myndum bara fara saman um helgina og Hermína hringdi í mig eftir að við töluðum saman, þannig að ég hélt að þetta væri alveg í lagi.“

Við þessu átti Vala ekkert svar og gekk í burtu. Hún naut myndarinnar engan veginn og fór snemma í rúmið þegar heim kom.



**Skrifaðu niður allar þær spurningar sem kvikna hjá þér við lestur sögunnar.**


Mín hugmynd/spurning:



Ólík hugmynd/spurning frá bekkjarfélagi:

## Vinur eða eitthvað annað?

Hvernig veistu hvort einhver er vinur þinn? Hvað gera vinir og hvað gera þeir ekki? Svaraðu öllum atriðunum. Í samræðu með bekknum þarftu að vera tilbúin(n) að útskýra svarið þitt.



Ég ...	JÁ	NEI	?
... segi vinum mínum alltaf satt			
... deili öllu með vinum mínum			
... skammast mín fyrir vini mína			
... öfunda vini mína			
... get treyst vinum mínum fyrir leyndarmálum			
... get fyrirgefið vinum mínum			
... get valið mér nýja vini			
... get treyst á vini mína			
... get átt vini af báðum kynjum			
... get komið heim til vinar míns hvenær sem er			
... veit hvað vinur minn hugsar án þess að hann segi mér það			
... er alltaf sammála vini mínum			
... elska vin minn			
... geri eitthvað annað			

## Að spyrja eða staðhæfa

Í samskiptum við vini og annað fólk getur skipt máli hvernig við orðum hlutina. Staðhæfingar og spurningar hafa til dæmis ólík áhrif á viðmælendur okkar og með því að átta okkur á þessu getum við byggt upp betri samskipti. Skoðum nokkur dæmi:




Þegar Vala hittir Selmu í bíó verður hún hissa því Selma hafði sagt henni að hún kæmist ekki vegna veikinda. Hvernig er best fyrir Völu að ávarpa vinkonu sína?

1. „Ég hélt þú værir veik heima.“
2. „Svo þú vildir bara ekki fara með mér í bíó.“
3. „Ertu ekki veik?“
4. „Af hverju ert þú hér?“


Pabbi Selmu fær boð um að koma í bíó með fjölskyldunni á mynd sem hann langar alls ekki til að sjá. Hvernig er best fyrir hann að ávarpa fjölskylduna?

1. „Ég held nú síður!“
2. „Verð ég að koma með?“
3. „Þessi mynd er algjört rusl.“
4. „Haldið þið að ég hafi nokkuð gaman af þessari mynd?“



Samskipti kennara og nemenda einkennast of af því að kennarinn spyr og nemandinn á að svara. En er það besta leiðin til að kenna fólki, að það eigi alltaf að svara spurningum annarra? Ímyndum okkur kennara sem kemur að stúlku sem er að krotta á vegg á gangi skólans. Hvernig er best fyrir kennarann að ávarpa stúlkuna?

1. „Hættu að krotta á vegginn!“
2. „Hvað ertu að gera?“
3. „Það er bannað að krotta á vegg skólans.“
4. „Viltu þrifa þetta krot af veggnum?“





## Rétt ályktun?

Við erum stöðugt að draga ályktanir, þ.e. við teljum að eitt leiði af öðru. Við drögum ályktun um að Selma sé að svíkja vinkonu sína þegar við fréttum að hún sé komin í bíó með annarri stelpu. Við ályktum að Vala sé leið eða reið þegar við lesum að hún sofi illa eftir bíóferðina.

Gagnrýnin manneskja skoðar ályktanir sínar og metur hvort þær séu í lagi. Skoðaðu eftirfarandi dæmi og ályktaðu um hvort þarna séu réttmætar ályktanir á ferðinni. Reyndu að útskýra af hverju ályktun er góð eða slæm í hverju tilviki.

1. Pabbi Völu hlustar á Deep Purple. Það er því réttmætt að álykta að hann hljóti að hata Justin Bieber.
2. Pabbi Völu hlustar á Deep Purple og hatar Justin Bieber. Það er réttmætt að álykta að hann hljóti að vera þungarokkari.
3. Vala er svikin af bestu vinkonu sinni. Það er réttmætt að álykta að það verði útilokað fyrir hana að sofa vel næstu vikuna.
4. Pabbi Völu samþykkir að fara á bíómynd sem hann langar ekkert að sjá eftir að mamma Völu sendir honum illt augnaráð.

Það er réttmætt að álykta af þessu að mamma Völu beiti hann andlegu ofbeldi.

5. Pabbi Völu kaupir alltaf popp í bíó. Honum hlýtur því að finnast popp gott.
6. Pabbi Völu kaupir alltaf popp í bíó. Honum hlýtur því að finnast súkkulaði vont.
7. Karlalið KR í fótbolta vinnur fimm fyrstu leiki Íslandsmótsins. Það er því augljóst að liðið vinnur Íslandsmeistaratitilinn í lok tímabilsins.
8. Þegar einn leikur er eftir á Íslandsmótinu hefur karlalið KR í fótbolta níu stiga forskot á næsta lið í deildinni. Það er því augljóst að liðið vinnur Íslandsmeistaratitilinn í lok tímabilsins.
9. Gagnrýnin manneskja dregur aldrei ályktun fyrir en að vel athuguðu máli. Af þessu má ætla að gagnrýnar manneskjur komi aldrei neinu í verk því það fari svo mikill tími í að hugsa um málin hjá þeim.
10. Gagnrýnin manneskja dregur aldrei ályktun fyrir en að vel athuguðu máli. Af þessu má ætla að hún skoði rök með og á móti þeim málum sem hún hugsar um.

## Ábending í lok kaflans

- Til að fylgjast með hvort við og viðmælendur okkar draga réttar og góðar ályktanir getum við spurt spurninga eins og:
- Um hvað erum við að tala? (Kallar eftir samhengi og skýrleika.)
- Af hverju segir þú að ...? (Kallar eftir rökum.)
- Hvaða afleiðingar getur það haft að ...? (Afleiðingar hugmynda skoðaðar.)
- Leiðir þetta ... örugglega af ...? (Ályktunin skoðuð.)

## Saga 3 – Ertu viss um að tilfinningar séu óskynsamlegar?

1. Jazzinn hljómaði áfram og Vala heyrði að foreldrar hennar voru komnir á fætur.

Kaffilmurinn barst inn í herbergi Völu og stutta stund velti hún því fyrir sér hvers vegna fólki þætti kaffi gott. Það var einhver framandi keimur af kaffinu sem Völu fannst beiskur og við þessar hugrenningar dreif hún sig undan sænginni og klæddi sig í fötin.

Rigningin lamdi rúðuna og Völu hryllti við tilhugsuninni um að fara út í þetta veður. Hún var sárreið við Selmu. Henni fannst Selma hafa svikið sig. Henni fannst hún hafa snúið baki við sér. Skilaboðin voru mjög skýr: hún kærði sig ekki um að vera vinkona Völu lengur fyrst hún gat ekki bara boðið nýju stelpunni, Hermínu, að fara með þeim í bíóið. Völu hefði þótt sjálfsagt að hún færi með þeim Selmu. Þær vildu greinilega ekki hafa hana með. Ætli hún sé nokkuð nógu góð fyrir þær.

Reiðin kraumaði innra með Völu. Hún fann hvernig reiðin varð að hörðum hnút í magnum á henni. Hnúturinn herptist utanum taugakerfið þannig að Völu fannst hún skyndilega vera brothætt eins og kristalsglasið sem hún braut síðustu jól. Þá varð mamma reið en pabbi benti henni á að kippa sér ekki upp við það þegar hlutir brotnuðu, það væri daglegt

brauð – veraldlegir hlutir væru forgengilegir. Vala hugsaði um sjálfa sig eins og brotna kristalsglasið, kannski var hún sjálf brotið kristalsglas. Munurinn var bara sá að á meðan hægt er að kaupa nýtt glas er ekki hægt að laga þær sprungur sem höfðu myndast í kristalsglasi sálarinnar. Ekki gat Vala farið út í búð að fá sér nýja sál. Loks gaf taugakerfið sig við morgunverðarborðið, Vala brast í grát með ekkasogum og tárin flóðu ofan í hafragrautinn. Mamma hennar stökk til og spurði með sinni óendanlegu hlýju: „Hvað er eiginlega að?“

Vala sagði mömmu sinni hvaða áhrif það hefði haft á hana að rekast á Selmu í bíóinu og hvernig henni þætti hún hafa svikið sig. „Selma er svo ómerkileg. Hún laug til um veikindin. Hún sagðist vilja koma í bíóið um næstu helgi en hún meinti það ekkert.“ Vala dró djúpt andann og saug upp í nefið.

Mamma tók utan um axlirnar á Völu og spurði rólega: „Af hverju heldur þú að Selma hafi lofað að koma með þér í bíó um næstu helgi?“ Vala gat ekki svarað þessu. En hún fór að hugsa hvort þetta gæti verið vísbending um að þrátt fyrir allt snerist málið ekki um það að Selma vildi ekki vera með sér. Kannski vildi Selma bara ganga í augun á nýju stelpunni en þorði ekki að tala um það við hana.

**Skrifaðu niður allar þær spurningar sem kvikna hjá þér við lestur sögunnar.**

Mín hugmynd/spurning:




Ólík hugmynd/spurning frá bekkjarfélagi:

## Jákvæðar og neikvæðar tilfinningar

Við dæmum tilfinningar okkar og setjum á þær margvíslega merkimiða. Sumar finnast okkur vera góðar og uppbyggilegar á meðan aðrar eru óþægilegar og niðurbjótandi. En það má alveg

spyrja hvort allar tilfinningar þjóni ekki einhverju hlutverki og þurfi að eiga sinn stað.

**Skoðaðu hugtökin hér fyrir neðan og talaðu við bekkjarfélaga þína.**



Eru einhver atriði á myndinni sem ættu ekki að teljast sem tilfinningar? Hvað á þá frekar að kalla þau atriði?

Eru til fleiri tilfinningar? Hvaða?

Eru þetta góðar eða slæmar tilfinningar? Raðið þeim á „tilfinningaskala“ frá þeirri verstu til hinnar bestu.

Hvað er það sem gerir verstu tilfinninguna vonða? Hvað gerir bestu tilfinninguna góða?

## Rökvillur

Tilfinningar geta haft hvetjandi og letjandi áhrif á skynsemina en það sama má segja um fleiri þætti svo sem líkamlegt ástand, hagsmunabaráttu og tilfallandi aðstæður. Þegar eitthvað bregður út af á mælikvarða skynseminnar tölum við stundum um að við fremjum rökvillur – að hugsunin gerist sek um að draga óréttmætar ályktanir.

Rökvillur geta verið saklausar en þær geta líka valdið miklum vandræðum í samskiptum manna. Hér á eftir eru dæmi um rökvillur sem eru algengar í hversdagslegum samskiptum fólks. Það getur verið hjálplegt að kunna skil á þessum villum – finndu dæmi úr eigin lífi?

### Óleyfilegar alhæfingar

Hver kannast ekki við fullyrðingar á borð við: „Gerður má fara, Garðar má fara, Ellen má fara. Allir mega fara á ballið nema ég!“ eða „Ég bað þig um að taka til í gær OG í fyrradag. Þú tekur aldrei til í herberginu þínu!“

Alhæfing er þegar við segjum eitthvað um allt eða alla. Ef við drögum ályktun um allan hópinn út frá einstökum dæmum, eða dæmum sem eru ekki dæmigerð fyrir hópinn, þá er hætta á að alhæfingarnar okkar séu óleyfilegar. Fordómar af ýmsu tagi eru dæmi um óleyfilegar alhæfingar. Finndu dæmi um fordóma sem eru ekki réttmætir því þeir byggjast á óleyfilegri alhæfingu.

Hvernig er best að leiðrétta þessa óleyfilegu alhæfingu?

## Persónurök (ad hominem rök)

Í samtali við mömmu sína við matarborðið daginn eftir bíóferðina misheppnuðu sagði Vala meða annars: „Myndin um Justin Bieber er ömurleg. Selma og Hermína eru leiðinlegir svikarar og fyrst þær nenna að horfa á myndina getur ekkert verið varið í hana.“

Þegar Vala segir þetta dæmir hún bíómyndina út frá því hverjum finnst hún skemmtileg, ekki út frá einhverju sem einkennir bíómyndina sjálfa. Þarna gerir hún rökvillu sem kallast persónurök. Persónurök eru rökvillur sem felast í því að rökin sem notuð eru vísa til manneskjunnar sem talað er við eða um frekar en málefnsins sem talað er um. Þetta er mjög algeng rökvilla sem getur truflað öll

samskipti því hún felst í að við forðumst að taka efnislega afstöðu til mála og ráðumst í staðinn á persónuna sem við erum að tala við, eða eitthvað sem einkennir hana.

Persónurök eru mjög algeng. Ef þið hlustið aðeins á stjórnámálamenn ræða saman eða lesið nokkrar athugasemdir við fréttir á vefmiðlum þá skjóta þau reglulega upp kollinum. Farðu inn á Facebook, mbl.is, visir.is eða annan vefmiðil með athugasemdakerfi. Finndu frétt sem hefur fengið mikil viðbrögð í athugasemdunum. Leitaðu að persónurökum og skrifaðu þau niður. eru bekkjarfélagar þínir sammála því að þetta séu persónurök? Af hverju?

Hvernig er best að bregðast við þessum persónurökum og svara þeim málefnalega?

## Kennivaldsrök

Marta í Smartlandinu á mbl.is segir að „heimsins bestu smákökur séu nógu hollar til að borða í morgunmat“. Þetta hljóta að vera mjög góðar kökur.

Er Marta í Smartlandi sérfræðingur í hollustu-fæði? Ef hún er það þá er eflaust gott að fylgja hennar ráðum. En ef hún er ekki sérfræðingur á þessu sviði heldur fjölmiðlamaður sem fjallar um ýmis dægurmál þá felst rökvilla í því að taka hennar ráðum um hollustu fæð-

unnar mjög bókstaflega. Kennivaldsrök felast í því að reynt er að sannfæra okkur um að trúa einhverju af því að mikilsmetin persóna heldur því fram án þess að sú persóna hafi sérfræðipekkingu á viðkomandi sviði. Við lendum í þessari rökvillu ef við tileinkum frægu og valdamiklu fólki meiri gáfur en það stendur undir.

Búðu til dæmi um kennivaldsrök sem þú gætir sjálf(ur) gert þig seka(n) um.

Hvernig er best að leiðrétta þessi kennivaldsrök?

## Fótfesturök (slippery slope)

Í vanlíðan sinni eftir bíóferðina hugsar Vala: „Besta vinkona mín svíkur mig og pabba langar ekkert til að koma með mér í bíó. Bekkjarfélagar mínir eiga örugglega allir eftir að skilja mig útundan og mamma fer að verða leið á þessu grenji í mér. Engum þykir vænt um mig, ég á eftir að verða ein.“

Þótt auðvelt sé að skilja áhyggjur Völu í erfiðum aðstæðum þá eru þær orðnar of ýktar og jafnvel má segja að hún fremji rökvilluna fótfesturök. Sú rökvilla felst í að álíta að vegna þess að tiltekið mál hafi þróast í ákveðna átt þá muni sú þróun halda áfram út í það óendanlega.

Stundum getur neikvæð þróun magnast upp og valdið skelfilegum afleiðingum og í slíkum tilvikum er lýsing á atburðarásinni ekki fótfesturök. Fótfesturökin einkennast af því að sú atburðarás sem lýst er er ekki fullkomlega skynsamleg og hægt er að gera greinarmun á atburðunum til að benda á af hverju þeir þurfa ekki að leiða hver af öðrum. Það er til dæmis ekki skynsamlegt af Völu að bera saman „svik“ Selmu og tregðu pabbans til að koma með í bíó. Annað atvikið tengist ekki hinu því Selma og pabbinn höfðu mjög ólíkar ástæður fyrir því sem þau gerðu.

Hvenær er um fótfesturök að ræða?	Fótfesturök	Ekki fótfesturök
1 Ekki drepa flugu því ef þér finnst það í lagi þá gæti þér næst þótt eðlilegt að sparka í kött eða bara drepa mann!		
2 Kvinnalið Fram í handbolta lendir í hverju áfallinu á fætur öðru. Liðið tapaði fimm fyrstu leikjum vetrarins. Markmaður, leikstjórnandi og vinstri hornamaður slösuðust og voru úr leik um mitt mót, æfingahúsnæðið skemmdist þegar vatnslagnir sprungu og liðinu hefur enn ekki tekist að vinna leik, bara að ná jafntefli. Þegar sjö umferðir eru eftir af mótinu er ljóst að liðið hlýtur að falla niður um deild.		
3 Ef þú eyðir umfram efni í hverjum mánuði og tekur lán til að fjármagna skuldir þá endar það í gjaldþroti.		
4 Ef sala áfengis verður leyfð í matvöruverslunum munu unglingar hafa mun meira aðgengi að áfengi, fleiri lenda í vandræðum með áfengisneyslu og kostnaður ríkisins við áfengis meðferð mun stórukast.		
5 Ef hjónabönd samkynhneigðra eru leyfð verður líka að leyfa fjölkvæni og þá verður líka að leyfa fjölveri og jafnvel sifjaspell.		






## Ábending í lok kaflans

Þegar við hugsum og tölum við annað fólk blandast tilfinningar okkar stöðugt saman við staðreyndir, spurningar og ýmiss konar hugmyndir sem lagðar eru fram. Til að fylgjast með hvernig tilfinningar hafa áhrif á hugsunina og samskipti getum við spurt spurninga eins og:

- Heyrðir þú hvað hann/hún sagði? (Kallar eftir hlustun og virðingu.)
- Ertu að segja það sama og ... eða ertu að segja eitthvað annað? (Kallar eftir samhengi í samræðunni.)
- Gæti einhver verið ósammála þessu? (Kallar á vísýni.)
- Hvernig veistu að ... sé satt? (Kallað eftir að þú tengir skoðun/hugmynd við það hvernig þú eignaðist þessa skoðun/hugmynd.)
- Leiðir þetta ... örugglega af ...? (Ályktunin skoðuð.)
- Hefur skoðun þín breyst? (Kallar á leiðréttingu, maður leiðréttir sjálfan sig eða hópinn.)



## Saga 4 – Ertu viss um að þú getir lært?

Fram undan eru próf í skólanum og krakkarnir pæla í því hvort og hvernig eigi að læra undir prófin. Krakkarnir eru sammála um að prófið í samfélagsfræði verði örugglega þungt en sumir óttast stærðfræðiprófið mest af öllu.

„Maður þarf að kunna heilan helling utanbókar!“ sagði Vilhjálmur, og bætti við:

„Friðfinnur sögukennari leggur mikla áherslu á að við kunnum öll ártölin mjög vel – og kortin af Evrópu, helstu ár og borgir“.

„Já,“ sagði Vala, „ég hugsá að ég ætli að vaka í alla nótt til að læra þessi atriði almennilega utanbókar. Ég hef gert það áður og það kom sér mjög vel í prófinu.“

Þá sagði Frikki sem hafði hlustað hljóður á Völu: „En manstu ennþá það sem þú lærðir um nóttina fyrir þetta próf?“

„Nei,“ svaraði Vala. „Enda skiptir það engu máli lengur. Ég þurfti bara að kunna það í prófinu. Hver er að pæla í ártölum og þannig?“ sagði hún og ranghvolfdi augunum.

„Samfélagsfræði er bara kjaftafag, segir pabbi minn, og það geti allir fengið 10 á svoleiðis prófi ef þeir kæra sig um!“ sagði Gautur hæðnislega. „Hún snýst ekki um skilning heldur páfagaukalærdóm! Mér er alveg sama hvaða einkunn ég fæ í samfélagsfræðinni enda skítlétt og hundómerkilegt fag. En ég

er hræddur um að þið lærið ekki stærðfræði nóttina fyrir próf! Þeim sem er góður í stærðfræði eru allir vegir færir í lífinu. Til þess að ganga vel í stærðfræði þarf maður að vinna vel allt skólaárið. Það dugar ekki að ætla læra hana „nóttina fyrir próf“ eins og þið haldið.“

„Iss, sagði Pétur sem hafði staðið hjá og hlustað á samræðurnar. Stærðfræði er nú ekki merkileg. Hvaða gagn hefur þú af þessum jöfnum og albegru? Hvernig nýtist það þér í lífinu?“

„Algebru!“ svaraði Gautur hvasst. „Sá sem skilur algebru hefur öðlast skilning á heiminum! Hann hefur skilið orsakalögmál alheimsins því þótt þú kynsir öll ártöl veraldarinnar utan að þá gætir þú ekki sent geimfar til tunglsins með þá þekkingu eina að vopni. Þú þarft að kunna stærðfræði til þess!“

„Mig langar ekki til tunglsins ... en ég myndi vilja koma til Kaupmannahafnar. Danska er uppáhaldsgreinin mín!“ segir Selma skyndilega. „Ég elska að horfa á danska spennuþætti í sjónvarpinu.“

„Danska?!“ gall í Grétu. „Það gagnast okkur ekkert að kunna dönsku. Það eina sem skiptir máli er að kunna ensku vel. Enska er tungumál framtíðarinnar. Mamma mín á frænku sem er gift dönskum manni og þegar þau hittast tala þau ensku. Mamma segist ekkert skilja framburðinn í dönskunni.“

„Já, en danska er hluti af menningu okkar! Við vorum einu sinni þegnar danska konungsins – þetta lærði ég í samfélagsfræði!“ sagði Vala skyndilega þegar glefsur úr gamla samfélagsfræðiprófinu skutu upp kollinum í

huga hennar. „Mig dreymir um að fara í Konunglegu listakademíuna þegar ég hef lokið stúdentsprófi og læra að mála og þá getur komið sér vel fyrir mig að kunna dönsku!“

„Læra að mála?“ sagði Geiri – „þú þarft ekkert að læra það, þú ert svo flink að teikna og mála, öðru máli gegnir um mig, hvers vegna þarf ég að fara í myndmenntartíma þegar ég kann ekkert að teikna og ætla mér aldrei að læra það – enda tilgangslaust fyrir hæfileikalausann.“


„Myndmennt er mjög mikilvæg grein!“ sagði Vala. „Allt sem þú sérð í kringum þig hér í bænum hefur verið búið til af listamönnum. Húsið sem þú býrð í var teiknað af arkitekt, fötin þín voru teiknuð af textilhönnuði, tölvuleikurinn sem þú spilar á kvöldin var teiknaður af listamönnum og kvikmyndin um Hobbittann var sköpuð af listamönnum!“

Eftir þessa löngu og innblásnu ræðu setti Geira hljóðan. „En samt ... ég ætla ekki að gera þetta sjálfur! Þess vegna borga ég listamönnunum fyrir að gera þetta til þess að ég geti notið alls þessa!“



**Skrifaðu niður allar þær spurningar sem kvikna hjá þér við lestur sögunnar.**

Mín hugmynd/spurning:



Ólík hugmynd/spurning frá bekkjarfélagi:

## Til hvers er skólinn?

Ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingum?  
Vertu tilbúin(n) að ræða svör þín við bekkjarfélaga.



	sammála	ósammála	?
Skólinn er undirbúningur fyrir framhaldsnám.			
Skólinn er undirbúningur fyrir lífið.			
Skólinn er ekki undirbúningur fyrir lífið, hann er lífið sjálf.			
Mikilvægt er að skólastarf byggist á aðskildum námsgreinum eins og myndmennt og stærðfræði.			
Menntamálaráðuneytið á að skilgreina markmið skólastarfsins eins og gert er í aðalnámskrá.			
Kennarar eiga að skilgreina markmið skólastarfsins.			
Nemendur eiga að skilgreina markmið skólastarfsins.			
Það verða að vera próf í skólum.			
Námsbækur eru betra kennslutæki en vettvangsferðir.			
Námsbækur eru betra kennslutæki en umræður nemenda og kennara.			
Námsbækur eru betra kennslutæki en umræður milli nemenda.			
Við eigum að rækta hæfileika okkar í skólanum.			
Í skólanum eigum við að fást við ýmis verkefni þótt við höfum ekki alltaf mikla hæfileika á því sviði.			
Skólinn á að vera skemmtilegur.			

Eftir umræður í bekknum: Hvað kom þér á óvart í umræðunni? Lærðir þú eitthvað nýtt?

### **Er rangt að svindla á prófi?**

Hugsaðu málið, ræddu við bekkjarfélaga og skrifaðu vel rökstutt svar.

Hvernig er hægt að vera ósammála svari þínu?  
Settu fram rökstutt svar við gagnstæðri skoðun.

## Hvort er mikilvægara: spurningin eða svarið?

Í skóla er stöðugt verið að vinna með spurningar og svör. En hver er það sem spyr? Um hvað er spurt? Til hvers eru þessar spurningar? Hvort er mikilvægara: spurningin eða svarið?

Ræðið málið í litlum hópi. Skrifaðu þína niðurstöðu niður.



## Ábending í lok kaflans

Við erum stöðugt að læra af samtölum okkar við annað fólk. Gerist það líka í umræðum í kennslustundum? Lærum við eitthvað af samtali við yfir 20 bekkjarfélaga? Til að nýta umræður á uppbyggilegan hátt og til að læra af þeim getum við spurt spurninga eins og:

- Getur þú sett fram spurningu um efnið? (Kallar eftir því sem þér þykir athyglisvert.)
- Um hvað erum við að tala? (Kallar eftir að við skiljum það sem sagt er.)
- Getur þú útskýrt aðeins betur ...? (Kallar eftir skýrum og nákvæmum svörum.)
- Hvernig veistu að ... sé satt? (Kallað eftir að þú tengir hugmynd þína við uppruna hennar.)
- Hvaða afleiðingar getur það haft ...? (Kallar eftir að þú skoðir afleiðingar skoðana þinna og áhrif í víðara samhengi.)
- Getum við dregið saman hvað við erum búin að segja um ...? (Kallar á niðurstöðu.)
- Hefur skoðun þín breyst? Hvernig? Af hverju? (Dregur fram hvort þú sért tilbúin(n) að leiðrétta þig eða skipta um skoðun.)



## Að lokum

Það er margt í tilverunni sem þú getur notað sem hráefni í gagnrýna hugsun. Flest það sem verður á vegi okkar í daglegu lífi, samskiptum og fjölmiðlum hefur margar hliðar sem er mikils virði að skoða nánar. Næst þegar þér finnst einhver ósanngjarn við þig skaltu nota tækifærið og íhuga hina hliðina: Hvaða sjónarmið kunna að ráða för hjá hinum aðilanum? Þannig tekst okkur að skoða hlutina hlutlaust og úr fjarlægð og það hjálpar okkur til að skilja aðrar manneskjur betur.

Jafnvel þótt við kunnum að verða ósammála hinum aðilanum þá skiljum við betur hvað fyrir henni/honum vakir. Gagnrýnin hugsun er meira en bara tæki til að kljást við flókin vandamál, hún er eiginlega lífsmáti og lífsviðhorf. Ef við temjum okkur að nálgast viðfangsefni með spyrjandi forvitni og frestun á dómi er líklegt að flest það sem á vegi okkar verður á lífsleiðinni muni gera okkur víðsýnni, umburðarlyndari og almennt hæfari til að halda áfram að læra. Lífið sjálft verður okkur ánægjulegt lærdómsferli.

## HVAÐ HELDUR ÞÚ?

Um gagnrýna hugsun

ISBN 978-9979-0-1990-9

© 2015 Brynhildur Sigurðardóttir og Ingimar Waage  
Ritstjóri: Aldís Yngvadóttir

1. útgáfa 2015  
Námsgagnastofnun  
Kópavogi

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson  
Umbrot og hönnun: Námsgagnastofnun  
Myndefni: Shutterstock.com

# HVAÐ HELDUR ÞÚ?

## Um gagnrýna hugsun

Gagnrýnin hugsun gerir okkur kleift að vega og meta mál og atvik út frá fleiri en einum sjónarhóli og taka afstöðu eftir vandlega ígrundun. Hún hvetur okkur til að kanna kosti og galla á hugmynd eða atviki án þess að fella dóm yfir höfundu hugmynda eða aðilum sem hlut eiga að máli. Í þessari rafbók eru æfingar og verkefni sem þjálfar þig í að beita gagnrýninni hugsun.

Höfundar eru Brynhildur Sigurðardóttir og Ingimar Waage.

Kennsluleiðbeiningar fylgja í rafbók.



Námsgagnastofnun  
40056

